

STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR niðurrif á bifreiðum og þungavinnuvélum

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum. Sjá einnig auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rgl.nr.	Uppfyllt
1.1	Starfsleyfisskilyrði þessi ná yfir niðurrif á stökum bifreiðum og þungavinnuvélum innan almennra bifreiðaverkstæða eða verkstæða fyrir þungavinnutæki.	550/2018 5. gr.	
1.2	Starfsleyfisskilyrðin ná til ofangreindrar starfsemi enda sé hún í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og gildandi skipulag. Heilbrigðisnefnd setur ítarlegri skilyrði ef aðstæður krefja.	550/2018 6. gr.	
1.3	Ef fyrirtækið er með annan starfsleyfisskyldan rekstur gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.	550/2018 5. gr.	
1.4	Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati heilbrigðisnefndar ber að sækja um starfsleyfi að nýju.	550/2018 13. gr.	

2. ÁSÝND LÓÐAR OG LÓÐARMÖRK

		Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1	Bifreið eða þungavinnutæki sem bíður niðurrifs skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði fyrirtækisins. Tryggt skal að tækið sé ekki til lýta og engin mengunar- eða slyshætta stafi af því.	112/2012 og rgl. nr. 737/2003	
2.2	Óheimilt er að geyma hálf niðurrifið tæki á lóð nema í skamman tíma og þá á sérstaklega samþykktu geymslusvæði á lóð.	737/2003	

3. MENGUNARVARNIR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
3.1	Niðurrif á bílum, þungavinnuvélum o.þ.h. hlutum skal fara fram innandyra nema utandyra sé til staðar samþykkt aðstaða.	550/2018	
3.2	Hafa skal fráveitulögn tengda olíuskilju frá svæðum, þar sem tæki eru þrífín og niðurrif fer fram. Stærð, gerð og staðsetning gildru skal ákveðin í samráði við heilbrigðisnefnd og byggingarfulltrúa.	798/1999 5. gr.	

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, byggingarreglugerð nr. 112/2012 og auglýsing nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.